

# Fundargerð 427. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2020, mánudaginn 19. október kl. 13:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fjarfundar.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ólafur Þór Snorrason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Pétur Ólafsson, Lúðvík Geirsson, Björn Arnaldsson og Rebekka Hilmarsdóttir.

Að auki sátu fundinn: Magnús Þór Ásmundsson, hafnarstjóri Faxaflóahafnir og Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 426. fundar - 2009155HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 426. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 28. september 2020.

*Fundargerðin staðfest og verður undirrituð á næsta viðverufundi.*

### 2. Tengigjald við tengingu hafna - 2010001HA

Rætt um sérstakt tengigjald við tengingu hafna og stöðu mála hjá Grindavíkurhöfn.

*Fyrir liggur erindi frá Hafnadeild Vegagerðarinnar vegna framkvæmda í Grindavíkurhöfn þar sem HS Veitur hafa farið fram á sérstakt tengigjald vegna stækkunar á heimtaug. Ekki hafði verið upplýst um þennan aukakostnað áður en verkið hófst. Þá leikur vafi leikur á hvort álagning gjaldsins standist 25. grein reglugerðar nr. 1040 frá 2005 um framkvæmd raforkulaga.*

*Stjórn Hafnasambands Íslands hvetur til þess að formleg kvörtun verði send Orkustofnun vegna málsins. Í ljósi þess að stjórnvöld hafa hvatt til orkuskipta í höfnum m.a. með öflugri heimtaugum vegna landtenginga skipa og háspennuvæðingar þá er brýnt að allt regluverk styðji við þá þróun mála og þátttöku og framlag veitufyrirtækja í þeirri þróun, en sé ekki háð sérstakri gjaldtöku fyrirtækjanna sem byggja á óljósum grunni.*

*Niðurstaða málsins er höfnunum afar mikilvægt ef hraða á orkuskiptum í höfnum og uppsetningu öflugri landtenginga en nú eru fyrir hendi.*

Hanna Björg Konráðsdóttir tók ekki þátt í afgreiðslu málsins

### 3. Hafnasambandsþing 2020 - 2009026HA

Tekin upp að nýju umræða um hafnasambandsþing 2020, sem áður var á dagskrá stjórnar hafnasambandsins 28. september 2020, en þá var samþykkt að taka málið aftur upp á næsta fundi stjórnar.

*Í ljósi aðstæðna samþykkir stjórn að halda hafnasambandsþingið rafrænt f.h. föstudaginn 27. nóvember nk.*

#### 4. Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2019 - 2009002HA

Lögð fram til kynningar skýrsla um úttekt og greiningu á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2019, dags. árið 2020.

*Stjórn þakkar Sesselíu Dan Róbertsdóttur og Sigurði Snævarr fyrir skýrsluna og samþykkir að kynna hana fyrir aðildarhöfnum.*

#### 5. Minnisblað um fyrirhugaða breytingu á hafnalögum - 2009008HA

Lagt fram til minnisblað Gísla Gíslasonar og Lúðvíks Geirssonar, frá fundi með samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um fyrirhugaða breytingu á hafnalögum.

#### 6. Reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla - óskað umsagnar - 2009023HA

Rætt um umsögn hafnasambandsins um breytingu á reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla sem hefur verið send í samráðsgátt. Engin viðbrögð hafa komið við umsögninni.

#### 7. Verklag í kringum tjón í höfnum - 2010002HA

Lagt fram erindi frá Grindavíkurhöfn, dags. 15. október 2020, þar sem óskað er eftir umræðum hjá hafnasambandinu um tjónamál og hvort hægt sé að útbúa fyrirmynd að verklagi í kringum tjón og tjónaskýrslur í höfnum.

*Stjórn tekur undir að slíkt verklag gæti verið gagnlegt fyrir aðildarhafnir og felur starfsmanni að skoða málið.*

Fundi var slitið kl. 13:45

---

Gísli Gíslason

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Eydís Ásbjörnsdóttir

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Hanna Björg Konráðsdóttir

---

Pétur Ólafsson

---

Lúðvík Geirsson

---

Björn Arnaldsson

---

Rebekka Hilmarsdóttir

---

Valur Rafn Halldórsson